

UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐ TIL ENDURLÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Þáttökugjald: 14.150 kr. -

(Námskeiðsgjald 12.500 kr. og löggildingargjald 1.650 kr. sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991)

Greiðsluupplýsingar: Greiða skal inn á reikning Neytendastofu:

Kt. 690605-3410, bankaupplýsingar 0111-26-001035 og tilgreina kt. þátttakanda með greiðslu.

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búforræðisvottorði** áður en hægt er að gefa út skírteini. - Sjá nánari upplýsingar á næstu síðu.

Námskeiðið er haldið í húsnæði Neytendastofu, Borgartúni 21. Sjá nánari leiðbeiningar á næstu síðu.

Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu, endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu

Svo löggilda megi vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. - Í Reykjavík hjá Sýslumanninum í Kópavogi, Dalvegi 18, 201 Kópavogi. Búforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum. Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 1 dag.
2. Það þarf að greiða þáttökugjald kr. 13.600 fyrirfram.
3. Ef námskeiðið yfirfyllist raðast menn inn á námskeiðið í þeirri röð sem greitt var.
4. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Neytendastofu (kjallara) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30 og lýkur kl. 18:10.

5. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dyrnar að ofan kl. 8:00).
6. Best er að ganga inn að neðanverðu, þar blasa við leiðbeiningar um aðgönguleið að námskeiðsstofu.
7. Það eru næg bílastæði á efstu hæð bílageymsluhúss á bakvið Borgartún 21. Ekið er niður á milli Borgartúns 21 og KB banka og þar upp á efstu hæð á bílastæðishúsi.
8. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Sáttasemjari, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fasteignamat ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.
9. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skrifffæri.
10. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum